

EINA VONIN

I.

LJÓT eru slysir, bæði utanlands og innan. Og ekki batir, þegar vitað er, að ef ekki er að gert mun framhald verða súlikra tíðinda, uns því hámarki er náð, sem 3. heimsstyrjöldin mundi verða. Hafa ýmsir sagt það sem satt er, að súlik styrjöld megi ekki yfir mannkynið koma; svo voðaleg mundi hún reynast. En þó er að verða greinilegra, með hverjum deginum, að heita má, til hvers dregur í þeim efnunum. — Hitt er þó einnig víst, að breytt og bætt lífsskoðun mundi geta orðið til að afstýra styrjöldum, og bjarga framtíð mannkynsins. Og stórefftirtektarvert er það, að vírir til súlikrar nýrrar þekkingar, sem ekki verður án verið, ef sú breyting á að geta tekist, er þegar fram kominn í bók eftir breska heimspekinginn major Ripley Webb. Ær það min einna yon, að þar geti orðið framhald; en á því er ekki vafí, að orðum þessa stórgáfaða manns mun verða mikill gaumur gefinn.

II.

Íslendingar sem koma til Lundúna ættu að gesa því gætur, hvort nokkur bók hefir komið út eftir Ripley Webb, sem yngri sje en bók hans „A Meaning to Life“. Mundu á súlikri bók fljótt mega sjá hvort höfundurinn er á framfaraleið. En þar er nokkur tvísýna á, því að þungt er fyrir. Greiða mundi það fyrir höfundinum, ef nokkuð mörgum íslendingum — t.d. flestum þeim sem þessar línar lesa — væri það áhugamál, að framför gæti orðið. Einnig mundi það miða þessu mikla máli til liðsinnis, ef einhver Íslendingur í útlöndum gerði eitthvað til að vekja athygli á því sem jeg hesi verið að skrifa um, hinari ~~þær~~ stefnur verðandinnar, og hvernig breyta mætti frá helstefnu til lífstefnu. En i allra ólíklegasta lagi virðist mjer nú raunar það, að nokkur íslendingur

muni gerast til sliks. Ripley Webb er þess vegna eina vonin. Og ekki getur sú von óskynsamleg talist, þegar munað er eftir Adam Rutherford. En þó eru erfiðoleikarnir miklir. Hugmundin um nauðsyn sambands við fullkomnari mannkyn, á öðrum jarðstjörnum allheimsins, er ekki orðin neitt aðalatriði fyrir Ripley Webb, þegar hann skrifar bók sína um tilgang lífsins. En hinsvegar er hin sífellt hækkandi ^{að} slysataða alveg vafalaus vottur um það hversu fast er hjer á jörðu sótt í áttina til glötunar. Hin nauðsynlega hugarfarsbreyting má því ekki lengi dragast, ef því á að geta orðið afstýrt, að farið sje fram af glötunar barmi.

En verði þegnar þær hugsanir, sem nauðsynlegar eru til þess að tekist geti hið mjög svo nauðsynlega samband, þá mun verða nokkuð líkt og þegar snögglaegir manndrápsveður. Slysun mun undircíns stórfækka, og sn'a mun verða við talshættinum forna, sem er svo mjög sannmæli á helstefnujörð: „Margt gengur ver en varir“. Alt sem til góðs horfir, mun ganga meir að óskum en með nokkrum likindum hefði þótt, á jörð þar sem söl hins sanna vors er farin að skína, af því að tekist hefir að breyta um frá helstefnu til lífstefnu.

1. ágúst.

Helgi Pjeturss.

LEIÐRJETTING

Í Lesbókargrein 3. 8. hafði misritast „í Uppsöldum“ f. „í Lundi“, því að það var í þeim háskólabænum sem heimspekingaþingið var haldið.

Í grein um Gissur jarl, Lsb. 13.7., hafði misprendast „hrymjandi“ f. „rymjandi“.

Par sem getið var um skepteikningar og skopvisur í sambandi við heimspekingaþingið, er þess að geta að skop þetta er að vísu viðurkenning á því, að þing spekinganna hafi þótt tíðindum sæta, þó að nokkuð sje sú viðurkenning illkvitnisleg.

H. P.